

Nd.

312. Nefndarálit

um frv. til laga um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrir menntamálanefnd liggja tvö frv. um þetta efni, á þskj. 39 og 42.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum, eftir að nefndin hefir haft bæði frv. til athugunar, orðið sammála um að leggja til, að frv. á þskj. 39 verði lagt til grundvallar og afgreiðslu málsins í deildinni, og að mæla með því, að frv. nái fram að ganga. Þetta frv. fer fram á að heimila bæjarstjórnnum að halda uppi sérstakri atvinnubótavinnu fyrir unga menn ásamt kennslu, og hefir þetta verið reynt hér í Reykjavík á síðustu árum og gefið góða raun.

Frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við framkvæmdir þessar á móti bæjarsjóðum, og virðist þetta sanngjarnt.

Alþingi, 12. apríl 1937.

Pétur Halldórsson, Gísli Sveinsson.
frsm.